

Borgarstjórn

Borgarstjórnarkosningar 26. maí 2018 - skipan hverfiskjörstjórna og undirkjörstjórna

Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 20. mars sl. 15 kjörstaði við borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík. Óskað er eftir að borgarstjórn samþykki meðfylgjandi tillögu um skipan 15 hverfiskjörstjórna og 90 undirkjörstjórna. Auk þess er lagt til að borgarstjóra verði falið að skipa í hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir í stað þeirra sem kunna að forfallast.

Aðsetur yfirkjörstjórnar Reykjavíkur á kjördag verður í Ráðhúsi Reykjavíkur. Talning atkvæða fer fram í Laugardalshöll að kjörfundi loknum.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:
Tillaga að skipan í hverfis- og undirkjörstjórnir.